



# Knattspyrnufélagið Haukar

Bæjarráð Hafnarfjarðar,  
b.t. bæjarstjóra, Haraldar L. Haraldssonar,  
Strandgötu 4 – 6,  
220 Hafnarfjörður.

12. desember 2016

## Bygging nýs kennslu- og íþróttasalar að Ásvöllum.

Á undanförnum misserum hefur verið unnið að undirbúningi að byggingu á nýjum kennslu- og íþróttasal á Ásvöllum. Nú liggur endanleg ákvörðun fyrir um bygginguna og föstudaginn 9. desember voru tilboð opnuð í framkvæmdina. Ákvörðun bæjaryfirvalda að ráðast í byggingu nýs kennslu – og íþróttasalar að Ásvöllum er mikið gleðiefni fyrir okkur í Knattspyrnufélaginu Haukum, en með byggingu salarins er leyst úr brýnni þörf fyrir aukna kennslu- og íþróttastarfsemi að Ásvöllum.

Nokkuð hefur verið rætt um kostnaðarhlutfall við byggingu íþróttamannvirkja innan íþróttahreyfingarinnar, en kostnaðarhlutfall hefur verið þannig háttað á undanförnum árum að Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram 90 % framkvæmdakostnaðar á móti 10% framlagi frá viðkomandi íþróttafélag. Áður var þessi kostnaðarskipting 80% framlag Hafnarfjarðarbæjar á móti 20% framlagi íþróttafélags. Er þar vísað til 7. greinar í samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH.

Nú háttar svo til á Ásvöllum að með sérstöku samkomulagi á milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka frá 2012 að Hafnarfjarðarbær eignaðist íþróttamiðstöð Hauka að fullu, en Haukar eiga Samkomusal félagsins sem og allt skrifstofurými. Með vísan til þessa og einnig þess að framkvæmd nýja kennslu- og íþróttasalarins sem nú verður byggður er alfarið á höndum Hafnarfjarðarbæjar óskar Aðalstjórn Hauka þess að nýr kennslu – og íþróttasalur sem nú verður byggður verði alfarið í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Knattspyrnufélagið Haukar rekur fjölpætta starfsemi á Ásvöllum og telur að meira skipti að geta einbeitt sér að kröftugu, uppbryggilegu, íþróttastarfi í stað lítils eignarhluta í nýjum kennslu- og íþróttasal á Ásvöllum.

Virðingarfullst,

Fh. Knattspyrnufélagsins Hauka

Samuel Guðmundsson

Samúel Guðmundsson, formaður.

Magnús Gunnarsson

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri.